

Breytingar á raforkumarkaði

Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir, deildarstjóri orkudeildar

Ný raforkulög

Ný raforkulög nr. 65/2003 komu til framkvæmda þann 1. júlí 2003 og á árinu 2004 var þeim tvívegis breytt með lögum nr. 89/2004 í maí og lögum nr. 149/2004 í desember. Með lögnum er sérleyfisstarfsemi (flutningur og dreifing raforku) aðskilin frá samkeppnisstarfsemi (framleiðsla og sölu á raforku). Raforkulögin eru til komin vegna tilskipunar Evrópusambandsins um raforkuviðskipti frá árinu 1996 og markmið þeirra er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi. Skapa á forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í sérleyfisþáttunum, flutningi og dreifingu, tryggja öryggi kerfisins og hagsmuni neytenda og taka tillit til umhverfissjónarmiða m.a. með því að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa.

Meginatriðin í lagabreytingunum á árinu snéru að stofnun flutningsfyrirtækis og setningu tekjumarka og ákveðið að þau skyldu sett til eins árs í upphafi frá 1. janúar 2005. Sett var heimildarákvæði til millifærslna tekjumarka milli ára og nánar var kveðið á um fastafjármuni og arðsemi við setningu tekjumarka. Þá var ákvæðum um gjaldtöku fyrir úttekt dreifiveitna og innmötun virkjana breytt. Opnun markaðarins var flýtt um eitt ár þannig að allir notendur geta valið sér raforkusala um næstu áramót.

Settar voru þrjár nýjar reglugerðir á árinu; reglugerð nr. 1051/2004 um breytingu á reglugerð nr. 511/2003 um framkvæmd raforkulaga þar sem sérstaklega er fjallað um setningu tekjumarka og gjaldskrár, reglugerð nr. 1050/2004 um raforkuviðskipti og mælingar og reglugerð nr. 1048/2004 um gæði raforku og afhendingaröryggi.

Áður höfðu komið út reglugerð nr. 513/2003 um kerfisstjórnun í raforkukerfinu, reglugerð nr. 511/2003 um framkvæmd raforkulaga og reglugerð nr. 466/2003 um samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila samkvæmt raforkulögum.

Stofnun Landsnets hf.

Á árinu 2004 var unnið að stofnun hlutafélagsins Landsnets sem tók til starfa um síðustu áramót. Fyrirtækið byggir að meginhluta á fyrrum flutningssviði Landsvirkjunar og annast flutning raforku og kerfisstjórnun.

Eigendur þeirra flutningsvirkja sem mynda flutningskerfið unnu að mati á verðmæti þeirra samkvæmt raforkulögnum. Orkustofnun var nefndinni til ráðgjafar og aðstoðar og lauk þeirri vinnu að mestu í ágústbyrjun. Eigendum flutningsvirkja var skylt að selja eða leiga þau flutningsfyrirtækinu eða leggja þau fram sem hlutafé. Landsvirkjun, RARIK og Orkubú Vestfjarða völdu síðasta kostinn meðan Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur völdu að leigja sínar eignir.

Eftirlit Orkustofnunar

Orkustofnun hefur almennt eftirlit með framkvæmd raforkulaga, þ.e. að fyrirtækin sem starfa samkvæmt lögnum fullnægi settum skilyrðum og skal stofnunin hafa samráð við Samkeppnisstofnun eftir því sem við á. Þá heldur stofnunin reglubundið fundi með samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila um framkvæmd og þróun eftirlitsins. Í

Þeirri nefnd sitja sex fulltrúar raforkufyrirtækjanna, tilnefndir af Samorku og skipaðir af iðnaðarráðherra til þriggja ára í senn.

Orkustofnun hefur fyrst og fremst eftirlit með þeim þáttum er snúa að sérleyfisstarfseminni, þ.e. flutningi og dreifingu raforku. Eftirlit stofnunarinnar snýr m.a. að því að tryggja bókhaldslegan aðskilnað hjá raforkufyrirtækjunum milli sérleyfisstarfseminnar og annarrar starfsemi. Þá setur Orkustofnun fyrirtækjunum tekjumörk, sem eru hámarkstekjur sem fyrirtækin mega hafa af sérleyfisstarfseminni.

Tekjumörkin fyrir árið 2005 voru sett á grundvelli rekstrarkostnaðar fyrirtækjanna árin 2002 og 2003, afskrifta, orkutapa, arðsemi af fastafjármunum samkvæmt lögnum og hagræðingarkröfu sem ákveðin var 1% á öll fyrirtækin. Skipting tekjumarka dreifiveitna var að meðaltali þannig að 58% var rekstrarkostnaður, 21% afskriftir, 7% orkutöp og 14% arðsemi.

Stefnt er að því að framkvæma samanburðargreiningu á rekstri fyrirtækjanna til að unnt verði að meta fyrirtækjaháða hagræðingarkröfu við setningu tekjumarka í framtíðinni. Arðsemisviðmiðunin í upphafi er helmingur af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til 5 ára og skal hún hækka á fimm árum í fulla markaðsávöxtun nefndra bréfa, þó skal hækkun arðsemisviðmiðunar ekki valda meiri hækkun tekjumarka en næst með hagræðingarkröfu skv. bráðabirgðaákvæði laganna. Í þessari síðustu setningu er í raun innbyggður hvati til hagræðingar næstu árin. Áætlað er að samræma betur bókhaldsgögn fyrirtækjanna í framtíðinni, þ.m.t. afskriftarreglur til að auka gegnsæi og auðvelda samanburð á rekstri fyrirtækjanna.

Eftir setningu tekjumarka í haust settu fyrirtækin sér gjaldskrá. Ekki náðist að klára gjaldskrárákvarðanir í öllum fyrirtækjum fyrir áramót, en þá hafði Landsnet hf. og fjórar dreifiveitur af sjö skilað inn gjaldskrá. Aðrar gjaldskrár voru sendar Orkustofnun í janúar sl. Gjaldskrárbreytingar tóku því í einhverjum tilfellum ekki gildi frá áramótum.

Vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtækið og dreifiveitur skulu koma á innra eftirliti með gæðum raforku og afhendingaröryggi og skal Orkustofnun hafa eftirlit með því að kröfum laga og reglugerða sé fullnægt. Flest fyrirtækin hafa haldið samræmda skrá yfir áreiðanleika afhendingar og bilanir, en sambærileg skráning á gæðum spennu og tíðni hefur ekki verið til staðar. Samkvæmt raforkulögum og reglugerð nr. 1048/2004 um gæði raforku og afhendingaröryggi skulu fyrirtækin framvegis skrá báða þessa þætti á samræmdan hátt, en þau hafa frest til 1. janúar 2006 til að hefja nauðsynlega gagnaöflun.

Orkustofnun veitir umsagnir um umsóknir til iðnaðarráðherra um leyfi til að reisa virkjanir, flutningsvirki og um sérleyfi til dreifingar. Á árinu 2004 voru veittar umsagnir um 5 virkjanaleyfi, fyrir Sultartangalínu 3, Fljótsdalslínu 3 og 4 og breytingar á Kröflulínu 2. Engin sérleyfi til dreifingar voru veitt á árinu.

Orkustofnun hefur samkvæmt lögnum víðtækar heimildir til að krefja eftirlitsskylda aðila um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlitsins, s.s. bókhaldsgögn og stofnunin getur krafist þess að aðilar komi á innra eftirliti í samræmi við kröfur sem stofnunin setur. Það er markmið stofnunarinnar að þróun eftirlitsins verði unnin í góðu samstarfi við raforkufyrirtækin og aðra hagsmunaaðila til að tryggja gegnsæi eftirlitsins og að sjónarmið aðila komi fram. Þá hefur Orkustofnun gott samstarf við aðrar eftirlitsstofnanir og samtök þeirra og fær þar þekkingu og upplýsingar um reynslu og þróun þessara mála í nágrennalöndunum.

Samkeppni á raforkumarkaði

Frá síðustu áramótum hafa stærri notendur sem nota meira en 100 kW afl haft möguleika á að skipta um raforkusala. Þetta þýðir að stærri fyrirtæki geta nú þegar samið um verðið á orkunni og keypt það frá hvaða söluaðila sem þeir kjósa. Hins vegar eru notendur bundnir við dreifiveitusvæði sem þjónar þeirra svæði og gjaldskrá sem gildir um sérleyfisþættina flutning og dreifingu. Meðalverð á hvorum hluta, samkeppnishluta og sérleyfishluta er á bilinu 3-4 kr./kWst. Um næstu áramót verður markaðurinn síðan opnaður að fullu og allir notendur öðlast þetta valfrelsi.

Verðbreytingar um áramót

Breytingarnar á gjaldskrá sem urðu um síðustu áramót hafa valdið nokkrum tilfærslum milli landssvæða og notendahópa, bæði til hækkunar og lækkunar á raforkuverði. Ekki hefur verið talið að breytingar á skipan raforkumála um áramótin ein sér hafi gefið tilefni til umtalsverðra breytinga á raforkuverði í heild. Byggt var á raunkostnaði fyrirtækjanna á undangengnum árum við setningu tekjumarka og við millifærslur sem urðu t.d. á eignum milli fyrirtækja voru tekjumörk færð á milli fyrirtækja þannig að engin heildarhækkun átti sér stað við það. Þó verður sú breyting að sum fyrirtækin auka arðsemi sína sem í heildina var neikvæð á árunum 2002 og 2003 og einnig hafa fallið niður ýmis sérkjör. Þar sem hlutur reiknaðrar arðsemi er um 15% af heildartekjumörkum fyrirtækjanna er töluverð hækkun fólgin í fullri nýtingu tekjumarka allra fyrirtækjanna að öðru óbreyttu.

Með breytingunum eru gjaldskrár fyrirtækjanna fyrir dreifingu raforku einfaldaðar og ekki er lengur leyfilegt að mismuna notendum nema unnt sé að rökstyðja það m.t.t. magns, nýtingartíma og/eða með öðrum sanngjörnum hætti. Óheimilt er að gjaldskrárliðir séu breytilegir eingöngu eftir því til hvers orkan er notuð. Þetta hefur haft í för með sér töluverðar breytingar, einkum hækkun á raforkuverði til húshitunar og víða lækkun á verði til stærri notenda, s.s. iðnfyrirtækja. Þetta má teljast eðlileg breyting þar sem farið er fram á að gjaldskráin sé sem kostnaðarréttust og drjúgur hluti af kostnaði við flutning og dreifingu raforku er fastur kostnaður og því ekki óeðlilegt að stór hluti af kostnaði sé innheimtur með fastagjaldi.

Í töflunum hér að neðan eru tekin nokkur dæmi um breytingar á raforkuverði um síðustu áramót. Sýndur er nýr gjaldskrártaxti fyrir mismunandi notendur, hlutfallslega verðbreytingu við gjaldskrárbreytingu, þar sem hækkun á almennu verðlagi er innifalin, og breytingu í krónutölum á ársgrundvelli. Í öllum tilfellum er um að ræða heildarraforkuverð til notandans (fyrir flutning, dreifingu, raforkuna sjálfa og sölu hennar).

Í fyrstu töflunni er sýndur taxti fyrir almenna notendur sem nota mismikla orku. Venjuleg heimilisnotkun er gjarnan um 4.000 kWst, en stærri heimili geta jafnvel notað nálægt 10.000 kWst. Næstu dálkar gætu fremur átt við smáfyrirtæki en heimili. Hér sést að heildarraforkureikningur heimilanna hækkar í flestum tilfellum, þó eru einnig dæmi um lækkanir hjá RARIK, Rafveitu Reyðarfjarðar og Orkubúi Vestfjarða. Almennt er um að ræða lækkun á reikningum stærri notenda hjá öllum fyrirtækjunum.

Tafla 1. Almenn notkun, heildarraforkuverð og verðbreytingar um áramót. (Öll verð eru án virðisaukaskatts.)

	Rafmagnskostnaður í ársbyrjun 2005				Hlutfallsleg breyting á raforkuverði				Hækkun/lækkun á ársgrundvelli			
	Ársnotkun notanda, kWst.				Ársnotkun notanda, kWst.				Ársnotkun notanda, kWst.			
	4.000	10.000	30.000	50.000	4.000	10.000	30.000	50.000	4.000	10.000	30.000	50.000
	kr./kWst.				%				kr.			
Hitav. Suðurnesja, Suðurnes	8,00	7,02	6,59	6,50	16,4%	8,9%	5,2%	4,4%	4.504	5.712	9.739	13.765
Hitav. Suðurnesja, Árborg+Vestmey.	8,00	7,02	6,59	6,50	7,9%	0,5%	-3,1%	-3,9%	2.352	331	-6.406	-13.142
Norðurorka	8,54	7,30	6,75	6,64	7,6%	2,8%	0,3%	-0,2%	2.417	2.020	696	-628
Orkubú Vestfjarða, þéttbýli	7,75	6,45	5,62	5,45	-0,6%	-10,3%	-18,9%	-20,6%	-190	-7.402	-39.145	-70.888
Orkubú Vestfjarða, dreifbýli	9,67	7,88	6,70	6,46	24,0%	9,6%	-3,2%	-5,9%	7.490	6.926	-6.617	-20.160
Orkuveita Húsavíkur	9,31	8,52	8,17	8,10	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	-8	-20	-59	-98
Orkuveita Reykjavíkur	8,00	7,04	6,61	6,53	7,8%	1,4%	-1,8%	-2,4%	2.302	943	-3.587	-8.117
Rafveita Reyðarfjarðar	9,11	7,40	6,35	6,14	-3,9%	-14,7%	-23,6%	-25,5%	-1.490	-12.703	-58.713	-104.722
RARIK, þéttbýli	9,23	7,48	6,40	6,18	-4,0%	-14,2%	-23,1%	-25,0%	-1.530	-12.369	-57.740	-103.110
RARIK, dreifbýli	10,16	8,20	6,96	6,71	5,7%	-6,0%	-16,4%	-18,6%	2.190	-5.241	-41.012	-76.782

Í annarri töflu er hliðstæður samanburður fyrir aflmælda notendur. Hér er um að ræða notendur með góðan nýtingartíma og töluverðar breytingar verða á þessum töxtum, bæði til hækkunar og lækkunar. Lækkun á raforkuverði er töluverð til stærri notenda á svæðum RARIK, Rafveitu Reyðarfjarðar og Orkuveitu Húsavíkur, en hækkun aftur á móti á dreifbýlissvæði Orkubús Vestfjarða, svæði Norðurorku og á Suðurnesjum.

Tafla 2. Aftaxti, heildarraforkuverð og verðbreytingar um áramót.

Öll verð eru án virðisaukaskatts.

	Rafmagnskostnaður í ársbyrjun 2005			Hlutfallsleg breyting á raforkuverði			Hækkun/lækkun á ársgrundvelli					
	kW			40			125			200		
	klist.	2.500	4.000	5.000	2.500	4.000	5.000	2.500	4.000	5.000	100.000	500.000
	kWst.			%			kr.					
Hitav. Suðurnesja, Suðurnes	7,61	5,69	5,09	19,5%	15,2%	13,6%	124.178	374.508	607.760			
Hitav. Suðurnesja, Árborg+Vestmey.	7,61	5,69	5,09	3,8%	1,0%	0,0%	28.189	26.851	638			
Norðurorka	7,62	5,60	5,05	7,8%	6,4%	5,8%	55.126	168.275	277.840			
Orkubú Vestfjarða, þéttbýli	7,44	5,31	4,74	5,7%	-0,4%	-0,5%	40.418	-10.068	-24.908			
Orkubú Vestfjarða, dreifbýli	8,72	6,20	5,55	23,9%	16,3%	16,5%	168.418	434.932	785.092			
Orkuveita Húsavíkur	7,49	6,05	5,61	-16,5%	-9,3%	-6,4%	-147.694	-311.535	-384.447			
Orkuveita Reykjavíkur	7,77	5,76	5,15	4,2%	2,3%	0,8%	31.342	65.605	41.775			
Rafveita Reyðarfjarðar	7,83	5,65	5,11	-16,7%	-20,2%	-19,0%	-156.906	-713.393	-1.198.438			
RARIK, þéttbýli	7,88	5,86	5,34	-20,8%	-21,4%	-20,3%	-206.347	-736.136	-1.202.119			
RARIK, dreifbýli	8,58	6,33	5,74	-13,7%	-17,3%	-16,4%	-135.871	-503.450	-792.483			

Í þriðju töflunni er sýnt hvernig verð á raforku til húshitunar breytist þegar búið er að taka tillit til breytinga á niðurgreiðslum á húshitunarkostnaði. Raforkuverðið hækkar nokkuð við gjaldskrárbreytingar og niðurfellingar á afsláttum raforkufyrirtækjanna. Á móti kemur að niðurgreiðslur ríkissjóðs hækka á hverja kWst., en þak þeirra lækkar úr 50.000 í 35.000 kWst. Hækkunin verður því hlutfallslega mest hjá stórum notendum.

Tafla 3. Verð á raforku til húshitunar að teknu tilliti til niðurgreiðslna úr ríkissjóði.

Gert er ráð fyrir að 85% af notkun sé til rafhitunar. Öll verð eru með virðisaukaskatti.

	Rafmagnskostnaður í ársbyrjun 2005				Hlutfallsleg breyting á raforkuverði				Hækkun/lækkun á ársgrundvelli			
	Ársnotkun notanda, kWst.				Ársnotkun notanda, kWst.				Ársnotkun notanda, kWst.			
	20.000	30.000	40.000	50.000	20.000	30.000	40.000	50.000	20.000	30.000	40.000	50.000
	kr./kWst.				%				kr.			
Hitav. Suðurnesja, Árborg+Vestmey.	3,70	3,57	3,50	3,95	1,9%	1,8%	1,8%	16,3%	1.369	1.888	2.408	27.611
Orkubú Vestfjarða, þéttbýli	4,05	3,83	3,71	4,04	-4,8%	-1,0%	1,2%	13,8%	-4.120	-1.180	1.759	24.492
Orkubú Vestfjarða, dreifbýli	4,51	4,19	4,03	4,47	5,8%	8,2%	9,7%	25,8%	4.929	9.568	14.207	45.818
Rafveita Reyðarfjarðar	4,84	4,56	4,42	4,74	3,9%	6,9%	8,6%	20,0%	3.669	8.859	14.049	39.505
RARIK, þéttbýli	4,78	4,49	4,34	4,68	0,7%	4,4%	6,5%	18,8%	672	5.650	10.627	37.054
RARIK, dreifbýli	5,00	4,66	4,49	4,90	5,2%	8,4%	10,3%	24,3%	4.981	10.855	16.729	47.839

Niðurgreiðslur dreifingarkostnaðar í dreifbýli

Tvö fyrirtæki sóttu um leyfi fyrir dreifbýlisgjaldskrá, Orkubú Vestfjarða og RARIK, en samkvæmt lögum nr. 98/2004 um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku skal ríkissjóður niðurgreiða kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku á svæðum þar sem Orkustofnun hefur heimilað sérstakar dreifbýlisgjaldskrár. Fjármagn til þessa er ákveðið í fjárlögum og er 230 m.kr. fyrir árið 2005. Við ákvörðun viðmiðunarmarka er tekið mið af hæstu þéttbýlisgjaldskrá dreifiveitu sem í þessu tilfelli var Orkuveita Reykjavíkur og nemur upphæðin 0,63 kr. á hverja kWst.

Niðurgreiðslur til húshitunar

Samkvæmt lögum nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar með síðari breytingum nr. 58/2004 skal ríkissjóður niðurgreiða kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis hjá þeim sem ekki eiga kost á fullri hitun með jarðvarma. Einnig eru greiddir styrkir vegna stofnunar nýrra hitaveitna að uppfylltum skilyrðum laganna.

Niðurgreiðslur ríkissjóðs til húshitunar hafa numið um 800 m.kr. á undanföllum árum, en vegna þeirrar hækkunar sem almennt varð á rafhitunartaxta um áramót, vegna niðurfellingar afsláttá sem Landsvirkjun og dreifiveitur veittu og tilfærslna í gjaldskrá, hefur verið ákveðið að hækka þá tölu um 135 m.kr. fyrir árið 2005. Þetta þýðir að upphæðir niðurgreiðslna taka nokkrum breytingum á árinu. Á árinu 2004 var upphæð niðurgreiðslna á bilinu 1,59-2,23 kr./kWst og að hámarki voru 50.000-70.000 kWst. niðurgreiddar á ári. Nú mun niðurgreiðslan vera breytileg eftir svæðum og nema öllum breytilegum kostnaði vegna flutnings og dreifingar, auk 0,21 kr./kWst. Þetta þýðir að upphæð niðurgreiðslna á kWst. mun hækka, sbr. töfluna hér að neðan. Jafnframt mun þó hámark lækka í 35.000 kWst á ári. Með þessari aðgerð hækka niðurgreiðslur umtalsvert og með því að lækka hámarkið er hvati til orkusparnaðaraðgerða aukinn. Það mun þó verða verkefni til framtíðar að stuðla að lækkun kostnaðar ríkissjóðs vegna þessa með aukinni hitaveituvæðingu, orkusparnaðaraðgerðum, ásamt greiningu á því hvort breyta megi niðurgreiðslukerfinu til hagsbóta fyrir þjóðarþúskaðinn og neytendur.

Tafla 4. Niðurgreiðslur ríkissjóðs vegna rafhitunar. Hámark niðurgreiðslna er 35.000 kWst. á ári.

Veituvæði	Niðurgreiðslur (kr./kWst.)
Vestmannaeyjar	3,13
OV-dreifbýli	3,42
OV-þéttbýli	2,51
Reyðarfjörður	2,57
RARIK-dreifbýli	3,20
RARIK-þéttbýli	2,72

Tilraunaárið 2005

Ákveðið var að árið 2005 skyldi vera tilraunaár varðandi framkvæmd þeirra breytinga sem orðnar eru á raforkumarkaði og voru tekjumörk fyrir Landsnet hf. og dreifiveitur einungis sett til eins árs. Raforkuumhverfið mun þróast á næstu árum og ýmsir eftirlitsþættir verða endurskoðaðir. Má þar nefna samræmingu á afskriftarreglum og bókhaldsgögnum fyrirtækjanna, lagður verður grunnur að samanburðargreiningu (benchmarking) sem verður mælikvarði á sértæka hagræðingarkröfu á fyrirtækin og

bókhaldslegur aðskilnaður fyrirtækjanna yfirfarinn. Um næstu áramót verður markaðurinn opnaður að fullu þannig að allir notendur geti valið sér raforkusala, en huga þarf að því hvernig unnt sé að ýta undir samkeppni á þessum markaði.

